

Bókun Samstarfsnefndar um málefni aldraðra varðandi tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2007.

1. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra lýsir ásakanir Landssambands eldri borgara um að ekki hafi verið farið að lögum við afgreiðslu tillagna um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2007 algjörlega tilhæfulausar. Afgreiðsla nefndarinnar á tillögum sínum til ráðherra var í fullu samræmi við lög um málefni aldraðra og reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra.

2. Þar sem Landssamband eldri borgara hefur hafnað því að sinna tilraunaverkefni um upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða telur SUMA að forsendur fyrir 6,6 milljóna króna framlag til landssambandsins sem ætlað var til að sinna þessu verkefni séu brostnar. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra beinir því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að tilraunaverkefninu verði fundinn annar farvegur og umræddri upphæð verði varið til að hrinda því í framkvæmd.

Greinargerð til ráðherra:

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra (SUMA) hefur borist afrit af bréfi framkvæmdastjórnar Landssambands eldri borgara til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 5. mars 2007 þar bornar eru fram alvarlegar og rangar ásakanir á hendur ráðherra og SUMA varðandi afgreiðslu tillagna um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2007. Efni bréfsins lýtur að tillögu SUMA um úthlutun 6,6 milljóna króna til Landssambands eldri borgara til að sinna upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða og aðstandendur þeirra, sem tilraunaverkefni í eitt ár. Landssamband eldri borgara segist í bréfi sínu hafna því alfarið að sinna þessu verkefni og að það undrist að ráðherra skuli ætla að fjármagna tilraunaverkefni af þessum toga með fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í bréfinu segir enn fremur að um Framkvæmdasjóð aldraðra gildi lög og reglugerð sem ráðherra beri að fara eftir, en að Landssambandi eldri borgara sé kunnugt um að ekki hafi verið fjallað um verkefnið af stjórn Framkvæmdasjóðsins.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fjallaði um tillögur til ráðherra að úthlutunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2007 á tveimur fundum, 29. nóvember og 11. desember 2006. Í gögnum sem lögð voru fyrir nefndarmenn á fundunum komu fram upplýsingar um öll verkefni sem ráðgert var að styrkja úr Framkvæmdasjóði aldraðra, þ.m.t. umrætt tilraunaverkefni. Á fundinum 11. desember lýsti fulltrúi Landssambands eldri borgara í nefndinni efasemdum um að Landssambandið myndi taka verkefnið að sér, en óskaði hvorki eftir bókun vegna málsins né heldur að fallið yrði frá tillögu um 6,6 milljóna króna styrk til Landssambands eldri borgara vegna þessa verkefnis. Tillögur til ráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2007 voru afgreiddar og samþykktar athugasemdalaust á fundi SUMA 11. desember, eins og fram kemur í fundargerð.